

Skýrsla stjórnar Heimspekistofnunar Háskóla Íslands vegna starfsársins 2024

Lögð fram á ársfundi Heimspekistofnunar Háskóla Íslands 2024, mánudaginn 3. febrúar kl. 14:00, í Gimli 301.

Stjórn

Núverandi stjórn var skipuð 26. janúar 2024. Formaður stjórnar er Finnur Dellsén, prófessor, meðstjórnandi Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor, og fulltrúi doktorsnema er Elín Pjetursdóttir, doktorsnemi. Eyja Margrét J. Brynjarsdóttir er varamaður í stjórn.

Starfsemi 2024

Fyrirlestrar og ráðstefnur á vegum stofnunarinnar á árinu voru sem hér segir:

Fyrirlestrar:

- **Konfúsíanismi um tilfallandi aðstæður: Sjálf sjálfræði og siðferði.** Paul J. D'ambrosio, prófessor við East China Normal University í Shanghai. Veröld húsvigdísar stofa 107, þriðjudaginn 13. febrúar, kl. 16:30-18:00.
- **Side-stepping the Rhinoceros: Copernican Pragmatism and Quantum Entanglement.** Huw Price, prófessor emeritus við Cambridge. 1. nóvember kl. 11:00-12:30 í stofu V007 í Veröld – húsi Vigdísar.
- **Hugfæri og tæknileikar: Um hugsandi hljóðfæri og tilraunakennd hugvísindi.** Þórhallur Magnússon, rannsóknarprófessor við HÍ. Haldið í stofu 220 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands fimmtudaginn 18. apríl kl. 15:00 - 16:30.
- **Falsfréttir um loftslagsbreytingar: Áskoranir vísinda í heimi eftirsannleikans.** Stephan Lewandowsky, prófessor í sálfræði við Háskólann í Bristol, föstudaginn 31. maí kl. 12-14 í stofu HT-101 á Háskólatorgi.

Ráðstefnur, málþing og þess háttar:

- **DoktorsnemaSnakk.** Umræðufundur milli doktorsnema í heimspeki um efni rannsókna sinna. Haldið 13. desember í Gimli 301. Heimspekistofnun styrkti um smávægilega upphæð fyrir veitingum.
- **Fingraför spekinnar: Kaflar úr sögu íslenskrar heimspeki á miðöldum.** Málþing um samnefnda bók Gunnars Harðarsonar, með fyrirlestrum Salvarar Nordal og Hjalta Snæs Ægissonar, á vegum Heimspekistofnunar og Miðaldastofu Háskóla Íslands í fyrirlestrasal Eddu, miðvikudaginn 11. desember og hefst kl. 16:30. Enginn styrkur frá Heimspekistofnun.
- **Luce Irigaray Circle: Touching the World.** Ráðstefna. Heimspekistofnun styrkti um 300.000 kr. (sjá neðar).

Auk þessa má nefna að árleg ráðstefna Norræna fagurfræðifélagsins var haldin sumarið 2024. Engin umsókn um styrk barst fyrir frest en leitað var eftir slíkum styrk löngu síðar. Taka þarf afstöðu til þess hvort skipuleggjendum verði heimilt að sækja um styrk fyrir liðna atburði.

Rannsóknarverkefni

Stofnunin hósti eftirtali rannsóknarverkefni á árinu 2024:

- „Óheilindi og brotakenndur mannshugur“ (Elmar G. Unnsteinsson, vísindamaður við Heimspekistofnun)
- Félagsverkhyggjukenning um sannleika í stærðfræði: wittgensteinísk nálgun (Ásgeir Berg Mattiásson, nýdoktor við Heimspekistofnun)
- „Understanding Philosophical Progress“ (Finnur Dellsén, prófessor)
- Intelligent Instruments (Þórhallur Magnússon, rannsóknarprófessor við Heimspekistofnun)

- „Understanding Together: Group Understanding, Scientific Progress, and Expertise Beyond Individualism“ (Oscar Westerblad, nýdoktor við Heimspekistofnun).
- „Freedom to Make Sense: Embodied, Experiential Inquiry and Research“ (Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor)
- „Training in Embodied Critical Thinking and Understanding“ (Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor)

Fjárhagsstaða

Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá Hugvísindastofnun hefur tekið saman fjárhagsyfirlit Heimspekistofnunar sem er lagt fram á ársfundi 2025. Eins og áður hefur komið fram er staða stofnunarinnar í góðu horfi sökum mótframlaga sem tengjast styrkjum til rannsóknarverkefna sem Heimspekistofnun hýsir.

Styrkir Heimspekistofnunar

Á árinu var í fyrsta sinn auglýst eftir umsóknum um styrki til ráðstefnuhalds og útgáfu.

- Engar umsóknir bárust um útgáfustyrki (en tvær óformlegar fyrirspurnir bárust).
- Tveir styrkir voru veittir til ráðstefnuhalds:
 - Victor Karl Magnússon: Formal Epistemology Workshop 2025. Þessi vinnustofa verður haldin sumarið 2025 við Háskóla Íslands. Einn skipuleggjenda er Finnur Dellsén, sem tók ekki þátt í afgreiðslu umsókna. Styrkur upp á 500.000 kr.
 - Kristian Guttesen: Irigaray Circle ráðstefna: Touching the World. Þessi ráðstefna var haldin sumarið 2024 við Háskóla Íslands. Einn skipuleggjenda er Sigríður Þorgeirsdóttir. Styrkur veittir upp á 300.000.
- Tveimur umsóknum um ráðstefnustyrki var hafnað (annarri vegna skorts á fjárhagsáætlun, hinni vegna skorts á tengslum við Heimspekistofnun).

Annað

- Snemma á árinu færði Þórhallur Magnússon ERC-verkefni sitt Intelligent Systems við Heimspekistofnunar.